

Nýr kjarasamningur við Félag leikskólakennara, undirritaður 27. apríl 2022

Þann 27. apríl 2022 skrifuðu samninganefndir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags leikskólakennara (FL) undir nýjan kjarasamning sem gildir frá 1. janúar 2022 til 31. mars 2023.

Helstu atriði/breytingar samningsins eru:

Grein 1.1.1 um föst mánaðarlaun

Laun félagsmanna FL hækka í samræmi við lífskjarasamningshækkunar skv. launatöflum A1 og C1 um kr. 25.000 þann 1. janúar 2022. Launatöflur A2 og C2 með hagvaxtarauka taka gildi 1. apríl 2022.

Grein 1.1.6 um önnur laun

Önnur laun hækka um 2,5% þann 1. janúar 2022.

Grein 1.10 um persónuuppbætur:

Orlofsuppbót til greiðslu 1. júní 2022 eru kr. 96.000,-
Desemberuppbót til greiðslu 1. desember 2022. kr. 96.000,-

Fylgiskjal um framkvæmd betri vinnutíma í leikskólum

Samningsaðilar eru sammála um að vinna markvisst að því að ákvæði í fylgiskjali 2 s.s. um samtal um skipulag vinnutíma verði uppfyllt og mikilvægi þess að þau tækifæri sem í fylgiskjali 2 í áður gildandi kjarasamningi felast verði nýtt til að ná fullri styttingu vinnutíma á gildistíma kjarasamningsins. Á gildistíma kjarasamningsins starfar stýrihópur samningsaðila. Í honum sitja fulltrúar frá SNS, FL og FSL. Stýrihópurinn getur kallað til aðra sérfræðinga til að koma að verkefninu ef þurfa þykir. Hlutverk hópsins er að styðja sveitarfélög og leikskóla við innleiðingu betri vinnutíma á grundvelli fylgiskjals 2 og þeirra leiðbeininga og fræðsluefnis sem aðilar hafa gefið út í þeim tilgangi að ná sem bestri niðurstöðu og uppfylla markmið þessa fylgiskjals.

Þá eru samningsaðilar sammála um að á samningstímanum fari fram markviss vinna samningsaðila við það að skoða hvort taka eigi upp frekari skilgreiningu á því hvað tilheyrir formlegu skólastarfi annars vegar og hins vegar hvað tilheyrir tómstunda/frístundastarfi á leikskólastiginu. Eins verði tekið upp samtal um skilgreiningu á skólaári og almennt þeim atriðum er líta að starfsumhverfi leikskólastigsins s.s. hvort eðlilegt sé að gæta samræmis við starfsumhverfi annarra skólastiga. Markmiðið er að jafna og viðhalda jöfnu flæði kennara á milli skólastiga.

Grein 14.1 um gildistíma og atkvæðagreiðslu

Samningur þessi um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila gildir frá 1. janúar 2022 til 31. mars 2023 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til afgreiðslu fyrir 11. maí 2022. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 13:00 þann 11. maí 2022 skoðast samningurinn samþykktur.

Fundargerð samstarfsnefndar.

Samhliða undirritun kjarasamningsins var haldinn 122. fundur í samstarfsnefnd aðila sem fylgir með í þessari kynningu ásamt kjarasamningi. Undirrituð fundargerð er varðveitt hjá embætti ríkissáttasemjara og tekur gildi verði kjarasamningurinn samþykktur í atkvæðagreiðslu.